

1773

Fimmtudaginn 14. nóvember 1991.

Nr. 273/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Finnboga Helga Karlssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 3. maí sl.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Finnbogi Helgi Karlsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 17. apríl 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. apríl sl., er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 14. desember 1990, „á hendur Finnboga Helga Karlssyni, Engihjalla 3, Kópavogi, kt. 010168-3849, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 16. ágúst 1990 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni GO-195 frá bænum Stokkhólma í Akrahreppi í Skagafjarðarsýslu til Sauðárkróks og skömmu síðar áleiðis að Stokkhólma að nýju, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á mótum Skagfirðingabrautar og Sauðárkróksbrautar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og öðrum gögnum málsins eru málavextir þeir, að aðfaranótt sunnudagsins 16. september 1990 kl. 1.13 veittu lögreglumenn í umferðareftirliti á Skagfirðingabraut austan Túnahverfis athygli bifreiðinni GO-195, þar sem henni var ekið til suðurs. Voru ökumanni gefin stöðvunarmerki, en hann sinnti þeim ekki fyrr en á gatnamótum Skagfirðingabrautar og Sauðárkróksbrautar. Vegna áfengisþefs, sem lagði frá vitum ökumanns, er reyndist vera ákærði í máli þessu, var hann fluttur á lögreglustöð fyrir varðstjóra.

Ákærða var tekið blóð kl. 1.30, og mældist alkóhólmagn í blóði hans 1,7‰.

Í framburðarskýrslu hjá lögreglu viðurkenndi ákærði að vera sviptur ökuréttindum. Hann kvaðst dveljast þessa dagana í Stokkhólma, Akrahreppi. Í gær hefði hann verið í smalamennsku og komið að Stokkhólma um kl. 21.00. Hefði hann þá verið orðinn þreyttur eftir at dagsins og einnig aðeins verið undir áhrifum áfengis, en ekki nennt að fara að sofa. Hefði hann því tekið bifreið systur sinnar og ekið til Sauðárkróks. Sér hefði ekki verið hleypt inn á Hótel Mælifell, þar sem hann var enn í reiðfötum, og hefði hann verið lagður af stað til baka fram í Stokkhólma, er lögreglan stöðvaði sig.

Hann hefði ekki neytt neins áfengis, eftir að smalamennskunni lauk, og það áfengismagn, sem hefði verið í sér, hefði því aðeins verið eftirstöðvar eftir áfengisneysluna í gær. Hann hefði drukkið „landa“, einn og einn sopa í smalamennskunni.

Hann verði að viðurkenna, að hann hafi fundið til lítils háttar áfengisáhrifa, er hann fór frá Stokkhólma um kl. 23.00 í gærkvöld, en hann hafi samt talið sig fullfæran um að aka.

Við yfirheyrslu fyrir dómi 17. apríl sl. skýrði ákærði efnislega frá á sama veg. Hann kvaðst síðast hafa neytt áfengis í Stafnsrétt á laugardeginum. Hann hefði verið búinn að vera í viku í göngum, og hefði hann staupað sig öðru hverju alla vikuna. Hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en fundið til „þynnkuáhrifa“.

Niðurstöður.

Með játningum ákærða, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum

er að sök gefin í ákæru og er þar réttilega heimfærð til refsilaga-ákvæða.

Í ákæru segir, að brotið sé framið sunnudaginn 16. ágúst 1990, en 16. ágúst þetta ár bar upp á fimmtudag. Af öðrum gögnum málsins verður ráðið, að atvik þessi urðu mánuði síðar, þ.e. aðfaranótt 16. september. Villa þessi í ákæru þykir eigi koma að sök, sbr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Sakavottorð ákærða, dagsett 7. desember 1990, tilgreinir sex dómsáttir og sex refsíðoma og skilorðsbundna ákæruþrestun f. brot g. 244. gr. alm. hgl. Hefur ákærði þar af fimm sinnum sætt refsingum fyrir ölvunarakstur og fimm sinnum fyrir að aka sviptur ökuréttindum. Þá hefur hann sætt refsingum fyrir skjálafals og auðgunarbrot. Hefur honum verið dæmd óskilorðsbundin refsivist í samanlagt tólf mánuði. Með dómi, upp kveðnum 10.3. '89 var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt, og með dómi, upp kveðnum 20.2 '90, var ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá þeim degi.

Honum var 21. júlí 1990 veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsivistar, 180 dögum.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100 gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður að hafa hliðsjón af sakaferli hans. Þá hefur hann með háttsemi sinni rofið skilorð reynslulausnar þeirrar, er hann hlaut 21. júlí 1990 á eftirstöðvum refsingar, 180 dögum. Ber því að ákvarða ákærða refsingu nú með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 3. mgr. (sic) laga nr. 16, 1976, og 7. gr. laga nr. 22, 1955.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði.

Samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, ber að árétta, að ævilöng ökuleyfissvipting ákærða haldist.

Þá ber með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Kristjánssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 25.000 kr. ásamt virðisaukaskatti.

Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Finnbogi Helgi Karlsson, sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákærði skal ævilangt sviptur ökuleyfi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Kristjánsson hdl., 25.000 kr., ásamt virðisaukaskatti.